

Nr. 027 / 11 Friðrik Sigurðsson ÁR 17**Skipverji fellur fyrir borð**

Skipaskr.nr. 1084
IMO nr. 6930219
Smíðaður: Garðabæ 1969, stál
Stærð: 161,9 brl. 271,1 bt.
Mesta lengd: 35,99 m Skráð lengd: 33,59 m
Breidd: 6,7 m Dýpt: 5,5 m
Vél: Grenaa, 682 kW, 1992
Fjöldi skipverja: 7



Friðrik Sigurðsson ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Skiptsdagbók
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. mars 2011 var Friðrik Sigurðsson ÁR 17 að dragnótaveiðum í Meðallandsbug. Veður: A 4-6 m/sek

Verið var að kasta voðinni þegar einn skipverja sem var að koma pokanum fyrir borð flækti annan fótinn í stertinum frá pokanum og dró voðin hann fyrir borð. Skipstjóri stöðvaði skipið, kastaði björgunarhring til hans, breytti stefnu með bógskrúfunni svo skipið fór fyrir vind og rak að manninum en hann hafði náð að losa fótinn úr festunni. Annar skipverji, sem þá var búinn að klæðast björgunarbúningi, stökk í sjóinn og kom slasaða í Björgvinsbelti og var hann hífður um borð.

Eftir skoðun á fæti slasaða bað skipstjóri um aðstoð og eftir samráð við lækni var þyrsla send til að sækja slasaða sem skarst illa á fæti.

Við rannsókn kom fram:

- að þegar stjórnborðstógið hafði verið keyrt út var slegið af ferðinni á meðan vængirnir og belgurinn, sem var búið að bugta upp á skutlunninguna ásamt pokanum fóru út. Einn skipverja sá um að koma bugtunum út fyrir og fór pokinn síðastur. Sterturinn kippti þá í hægri fótinn og lyfti honum svo hátt upp að hann náði ekki fætinum hærra til að losa sig og dróst út fyrir
- að sterturinn liggur frá pokagjörðinni fram á belginn og hafði fallið úr bugtunum á lunningunni og lá á þilfarinu án þess að slasaði veitti því athygli þar sem hann var að koma pokanum út fyrir;

- að sögn skipstjóra breyttu þeir fyrirkomulagi við köstun með þeim hætti að eftirleiðis er pokinn látinn hanga í sleppikrók í gálganum og er sleppt af þeim sem kemur belgnum út fyrir og er hann þar með kominn frá hættusvæðinu.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var aðgæsluleysi slasaða að standa ekki utan við veiðarfæri sem verið var að láta fara fyrir borð.